

Gerizt áskrifendur
að **Alþýðublaðinu.**

Alþýðublaðið inn á
hvert heimili. Hring-
ið í síma 4900 og 4906

Alþýðublaðið

Laugardagur 12. maí 1951.

Börn og unglingar
Komið og seljið
Alþýðublaðið
Allir vilja kaupa
Alþýðublaðið

Stráskykursverðið og kjara- skerðingin á einum mánuði

VERÐHÆKKUN Á STRÁSKYKRI frá 1. marz til
1. apríl er eitt dæmið um sívaxandi dýrtið og kjara-
skerðingu. Verðhækkunin er þessi:

	1. marz	1. apríl
Stráskykur, 1 kg.	kr. 4,63	4,75

En hverri kjaraskerðingu þessi verðhækkun á ein-
um mánuði hefur valdið, má sjá af eftirfarandi tölum,
sem sýna, hve lengi verkamaður með Dagsbrúnarkaupi
var að vinna fyrir 1 kg af stráskyri 1. marz og 1. apríl:

	1. marz	1. apríl
Stráskykur, 1 kg. mín.	24,5	25,2

Búfjáreign landsmanna

**Sauðfé og hrossum hefur fækkað,
en nautgripum fjölgað síðustu árin**

**Fjöldi nautgripa 42.700 um áramót 1950,
sauðfjár 400.000 og hrossa 42.000.**

NAUTGRIPIR í eign bænda og annarra landsmanna voru
á síðasta ári eða samkvæmt talningu í ársbyrjun 1950 um
42.700 alls, þar af 30.40 kýr; sauðfé alls 400.000, þar af 318.000
æri; hross alls um 42.000. Hefur sauðfjáreign og hrossa farið
minnkandi öll hin síðari ár, en nautgripum fjölgað dálítið.

Frá þessu er skýrt í Árbók
landbúnaðarins 1951, 1. hefti,
sem nýlega er út komið.

Árið áður eða samkvæmt
talningu í ársbyrjun 1949 var
búfjáreign landsmanna sem
hér segir: Nautgripir alls
42.657, þar af kýr 29.537; sauð
fé alls 439.404, þar af ær 330
649; hross 43.814.

Samkvæmt talningu í árs-
byrjun 1950 hafði kúm fjölgað
á árinu mest í Gullbringu- og
Kjósarsýslu, þar næst í Suð-
ur-Þingeyjarsýslu, en einnig í
Árnessýslu, Rangárvallasýslu,
Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu,
Skagafjarðarsýslu og Eyja-
fjarðarsýslu. Annars staðar
fækkaði þeim örlítið. Sauðfé
fækkaði vegna niðurskurðar í
Eyjarfjarðarsýslu, Skagafjarð-
arsýslu og Snæfellsnessýslu,
einnig verulega en af öðrum
ástæðum í Múlasýslum, Árnes

sýslu og Mýrasýslu. Sauðfé
fjölgaði hins vegar í Húna-
vatnssýslum báðum, Suður-
Þingeyjarsýslu og Dalasýslu,
en í þeim sýslum höfðu nýlega
farið fram fjárskipti.

Svo segir í Árbókinni, að
erfitt sé að áætla breytingar
á bústofninum á síðasta hausti,
en af mjólkurmagni því, er
mjólkurbúunum hefur borizt í
vetur, megi ráða það, að kúm
hafi enn fjölgað. Gizkað er
hins vegar á að sauðfjárstofn-
inn hafi haldizt óbreyttur.

**Merki Hallveigar-
staða seldust fyrir
18 þúsund.**

MERKJASALAN 4. maí s. l.
til ágóða fyrir byggingu Hall-
veigarstaða gekk mjög vel, að
því er fjárflyunarnefndin tjáði
blaðinu. Í Reykjavík seldust
merki fyrir 18 þúsund krónur,
og er það helmingi meira en
safnaðist á merkjasöluðaginn í
fyrra. Enn hefur ekki verið
gerð grein fyrir því, sem seldist
utan Reykjavíkur. Hefur
nefndin beðið blaðið að þakka
öllum þeim, er unnu að merkja
sölunni, og einnig þeim, er
studdu málstaðinn með því að
kaupa merki.

Íslenzkur söngvari við nám í fræg- asta og elzta tón- listarskóla Ítalíu

ÍSLENZKI tenórsöngvarinn
Guðmundur Baldvinsson, sem
fór héðan til söngnáms á Ítalíu
fyrir nokkrum árum, hefur nú
fengið inngöngu í eizta og fræg-
asta tónlistarskóla Ítala, „San
Pietro a Majella“ í Napoli.
Tekur skóli þessi um 500 nem-
endur, en inntökuprófið er á-
kaflega þungt, og hljóta efnile-
gustu nemendurnir ókeypis
kennslu. Stóðst Guðmundur
inntökuprófið með þeim ágæt-
um, að hann hlýtur ókeypis
skólavist þau fimm ár, sem
skólanámið tekur. Aðalnáms-
grein hans er söngur, en auk
þess lærir hann pianóleik, tón-
fræði, ítalska tungu og sögu.

Aðalkennarri hans er söng-
kennarinn próf. Maestro Sel-
vaggio, sem kennt hefur við
skólann í 20 ár og var um 5
ára skeið „korrepetitor“ við
kgf. óperuna í Stokkhólmi.

Guðmundur Baldvinsson er
mjög efnilegur söngvari. Hafði
hann litla möguleika haft til
náms hér á landi, áður en hann
fór utan, en söngkonan Irma
Weile Barkány Jónsson, sem
árum saman hefur dvalið á
Ítalíu, enda upp fædd þar,
hafði hjálpað honum bæði við
söngnám og ítölsku og komið
honum í hendur góðra vina
sinna þar syðra, og varð aðstoð
þeirra honum að ómetanlegu
gagni.

Mjólkurbúð í Bú- staðavegshverfinu.

MJÓLKURSAMSALAN hef-
ur farið þess á leit við bæjar-
ráð að fá keypta mjólkurbúð
þá, sem fyrirhugað er að
byggja í Bústaðahverfinu.

Garðyrkjusýning verður hald- in í Reykjavík í haust.


ADALFUNDUR Garðyrkjufélags Íslands, sem haldinn var
4. maí, samþykkti m. a., að félagið hefði forgöngu um það, að
garðyrkjusýning verði haldin í Reykjavík á hausti komanda.
Fundurinn kaus nefnd manna til þess að undirbúa málið, en
gert er ráð fyrir, að á sýningu þessari verði sýnd blóm og mat-
jurtir, garðyrkjuverkfæri og vélar.

Garðyrkjubúum, blómaverzl-
unum og fleiri fyrirtækjum
verður gefinn kostur á því að
kynna framleiðsluvörur sínar.
Mega sýnendur leigja hluta
væntanlegs sýningarsvæðis og
hafa þannig sýsýningu á fram-
leiðslu sinni, eða söluvöru. Þá
er gert ráð fyrir að kynna
helztu nýjungar í garðyrkju
og matreiðslu grænmetis, og er í
ráði að leita samstarfs við Nátt-
úrulækningarfélag Íslands og
Húsmæðraskóla Reykjavíkur
varðandi sýningu á grænmetis-
réttum. Þá mun verða leitað til
Áburðar- og grænmetisverzlun

ar ríkisins og Atvinnudeildar
háskólans um sýningu á áburði
og jurtalyfjum.

Í garðyrkjusýningarnefnd
eiga sæti garðyrkjubændurnir
Ingimar Sigurðsson, Arnaldur
Þór, Jóhann Jónsson, Halldór
Ó. Jónsson og E. B. Malmquist,
ræktunarráðunautur. Formaður
nefndarinnar er Ingimar Sig-
urðsson. Nefndin hefur begar
tekið til starfa og ber mönnum
að snúa sér til formanns nefnd-
arinnar, eða einhvers fyrr-
greindra nefndarmanna varð-
andi fyrirspurnir um þátttöku í
væntanlegri garðyrkjusýningu.

Tvítugur gæðingur.



Myndin er frá kappreiðum á skeiðvöllinum við Elliðaárnar.
Fremstur er Hörður Þorgeirsson í Gufunesi. Hörður hefur jafnan
unnið stökkið á kappreiðum hér fjölmörg undanfarin ár, og þótt
hann sé nú orðinn tvítugur, verður hann enn reyður á ann-
an í hvítasunnu á kappreiðunum í Gufunesi.

Verk eftir 26 listamenn sýnd í Listvinasalnum við Freyjugötu 41

**Salurinn verður opinn alla daga
framvegis.**

LISTVINASALURINN að Freyjugötu 41, sýningarsalur Ás-
mundar, var opnaður í gær og mun framvegis verða opinn
alla virka daga. Verða þar jafnan til sýnis og sölu málverk,
höggmyndir myndvefnaður og keramik. Enn fremur munu
liggja þar frammi erlend listtímarit. Skipt verður um listaverk
að nokkru leyti á 10—14 daga fresti.

Sýningarsalurinn hefur nú
verið endurbættur, og er nú
mjög smekklegur, og verður
Listvinasalurinn opin gestum
daglega frá kl. 13—20 og á
fimmtudögum og sunnudögum
til kl. 22.30, og er aðgangur ó-
keypis.

Það eru þeir Björn Th Björns-
son listfræðingur og Gunnar
Sigurðsson, sem reka Listvina-
salinn, og munu þeir halda
kynningar- og fræðslukvöld
einu sinni í mánuði í húsakynn-
um Listvinasalarins. Á þessum
fræðslukvöldum verða sýndar
kvikmyndir um listir, flutt
fræðsluerindi, hljómlist, upp-
lestrar skálda og rithöfunda og
efnt til umræðufunda um listir
og listastefnur. Kynningarkvöld
þessi verða aðeins fyrir styrktar
aðila, en styrktaraðilar List-
vinsalarins getur fólk orðið fyr-
ir 100 króna árgjald.

Þá er í ráði að efna til sér-
stakra sýninga á verkum er-
lendra og innlendra listamanna
þrisvar til fimm sinnum á ári,
og eiga styrktaraðilar jafnan ó-
keypis aðgang að þeim. Loks er
ráðgert að Listvinasalurinn efni
til happdrættis um 10—15 lista-
verk einu sinni á ári og verður
dregið á Þorláksmessu.

Nú eru verk á sýningu List-
vinasalarins eftir samtals 26
listamenn. Málverk eru þar eft-
ir: Ásgrím Jónsson, Barböru
Árnason, Gunnlaug Scheving,
Hrólf Sigurðsson, Jóhannes Jó-
hannesson, Jóhannes S. Kjar-
val, Júlíu Sveinsdóttir, Karl
Kvaran, Kjartan Guðjónsson,
Kristján Davíðsson, Magnús
Árnason, Sigurð Sigurðsson,
Snorri Arinbjarnar, Skarphéð

in Haraldsson, Sverrir Haralds-
son, Valtýr Pétursson, Vigdís
Einarsdóttir, Þorvald Skúlason
og Örlyg Sigurðsson. Höggmynd-
ir eru eftir: Ásmund Sveinsson,
Gerði Helgadóttir og Sigurjón
Ólafsson. Grafik er eftir Ás-
gerði Ester og Jón Engilberts.
Silfur eftir Björn Halldórsson.
Myndvefnaður eftir Ásgerði
Ester og keramik frá Laugar-
nesleir.

Karlsefni fer á karfa veiðar í dag.

**Aflinn bræddur
á Ingólfsfirði.**

TOGARINN KARLSEFNI,
sem verið hefur á ísfiskveiðum
og aflað og selt með ágætum,
fer einhvern tíma í dag á karfa-
veiðar.

Mun togarinn leggja aflan
upp á Ingólfsfirði og verður
hann bræddur í verksmiðjunni
þar. Ætlunin er, að Karlsefni
stundi karfaveiðar í sumar að
öllu óbreyttu.

Karfinn veiðist nú einkum á
svipuðum slóðum og í fyrra, 50
—60 mílur út af Látrabjargi.
Undanfarið hafa verið góðir
afladagar en tregara á milli.

FULLTRÚARÁÐ sjómanna-
dagsins hefur farið fram á það
við bæjarráð, að úthlutað
verði lóð í Laugarásholtinu
fyrir dvalarheimili aldraðra
sjómanna.